# Skólanámskrá

**Bekkur: 7.**

**Námsgrein: Textílmennt**

***Ábyrgð***

***Virðing***

***Vellíðan***

| Námsflokkur | Hæfniviðmið<br>Að nemandi geti: | Kennslufyrirkomulag<br>leiðir að viðmiðum | Námsefni | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| ***Menningarlæsi*** | • hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.<br>• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni.<br>• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.<br>• lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. | Nemendur minntir á að ganga frá jöfnum höndum og flokka efnisafganga.<br>Saumavélin, nemendur kynni sér nýja tækni í saumavélum og beri saman við fyrri tíma. Nemendur hanni og saumi einn nytjahlut fyrir heimili eða einstakling s.s. púðaver, tösku, svuntu, þvottapoka, annað. Nemendur sýni sjálfstæði í vinnubrögðum og hanni sitt eigið snið og skreytiaðferð.<br>Skreytiaðferðir geta verið fjölbreyttar en nemendur sýni fram á minnst eina í ferlinu frá hugmynd að afurð.<br>Tauþrykk og batik kynnt.<br>Endurnýting textíla, komið með bol að heiman og lita með batikaðferð. | Bækur, tímarit og fræðsla af interneti.<br>Hugmyndir úr smiðju kennara.<br>Ýmis áhöld og efni textílstofu. | Metið eftir hæfniviðmiðum í Mentor.<br><br>Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D. |
| ***Handverk, aðferðir og tækni*** | • fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum.<br>• unnið með einföld snið og uppskriftir. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| ***Sköpun, hönnun og útfærsla*** | • Geti þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli<br>• nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu. | Kynni sér einn textíllistamann eða einn fatahönnuð.<br>Kynni sér sögu gallaefna,-jeans. | | |
| ***Menning og umhverfi*** | • gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna.<br>• sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. | | | |